



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

26. september 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum (ríkisstyrkir o.fl.), 5. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Landssamband fiskeldisstöðva hafa áður sent inn umsögn um sambærilegt frumvarp sem flutt var á fyrri þingum. Að þessu sinni hafa ákvæði er tengjast breytingu á 17. gr. hafnalaga um þjónustugjöld verið felld brott úr frumvarpinu. Samtökin telja hins brýnt að ná fram breytingu á gjaldtökuákvæðum laganna og óska þess að í stað aflagjalds eins og nú er lagt á fiskeldisfyrirtæki verði tekið upp magntengt vörugjald af eldisfiski í vinnslu skv. 17. gr. 1.b.

Í gjaldskrá nokkurra hafna á Vestfjörðum er fiskeldisfyrirtækjum gert að greiða aflagjald af framleiddum eldisfiski sem fluttur er úr kví um hafnarsvæði í sláturhús í landi. Aflagjaldið reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans eða á sama grundvelli og reiknað aflagjald frystiskipa. Þá er fiskeldisfyrirtækjum sem nýta hafnaraðstöðu fyrir seiðaflutninga í kví gert að greiða allt að 1,6% verðmætis í aflagjald til hafnar.


Í 17. gr. tölul. 1.e er skilgreining á sjávarafurðum. Þar segir „(s)jávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta til úr sjávarafli“. Í reglugerð um fiskeldi eru sjávarfiskar skilgreindir sem „(f)iskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó“. Í sömu reglugerð eru lagardýr skilgreind þannig: „Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdýr“. Samtökin telja því að eldisfiskur eða seiði af laxaætt séu hvorki sjávarafli, né sjávarfiskur heldur lagarfiskur og beri að flokka sem fiskeldishráefni en ekki sjávarafli. Verðmætið er óskýrt enda er um að ræða vöru á mismunandi framleiðslustigi sem fær endanlegt verðmæti við sölu afurðar eftir slátrun, pökkun og útflutning til kaupenda.

Með því að taka upp magntengt vörugjald af eldisfiski í vinnslu í stað aflagjalds verður komist hjá því að áætla verðmæti afurðanna sem alls ekki er alltaf einfalt eða auðvelt. Bent er á að eldisfiskurinn er oftast í eigu sama eða tengds lögaðila fyrir og eftir löndun úr sláturskipi og ekki lagt sérstakt mat á verðmæti hans á því stigi.

Samtökin óska þess að Alþingi geri breytingar á hafnalögum með það að markmiði að gjaldstofninn verði skýrari og miðist við magn í stað verðmætis. Fiskeldi í sjó eykst nú bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum og því er brýnt að bætt verði úr lagaumhverfi atvinnugreinarinnar.

Virðingarfyllst,

  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
f.h. Landssambands fiskeldisstöðva



f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna